



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

**FORSETI ÍSLANDS Í BOMBAY:
TÖLVUVÆÐING Í FÁTÆKRAHVERFUM,
VIÐRÆÐUR UM ORKUMÁL, UPPLÝSINGATÆKNI OG VIÐSKIPTI
ÞEKkingARBÆR FRAMTÍÐARINNAR**

Við lok heimsóknar forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar til Indlands tók hann þátt í ýmsum atburðum í Bombay.

Forsetinn heimsótti skóla fyrir börn úr fátækrahverfum borgarinnar og ýtti þar úr vör sérstöku átaki til að kenna börnunum að nota tölvur. Markmiðið er að gera fátækustu íbúum þessarar stórborgar kleift að nýta sér kosti upplýsingaaldar og er áttakinu ætlað að ná til um 40 skóla í borginni og tugapúsunda barna sem öll munu fá ókeypis kennslu og aðgang að tölvum. Ungir athafnamenn og eigendur stórra fyrirtækja á sviði upplýsingatækni hafa ásamt þingmönnum haft frumkvæði að þessu átaki en forystan er í höndum feðganna Milind Deora, sem er yngsti þingmaðurinn á indverska þjóðþinginu, og föður hans Murlí Deora sem situr í öldungadeild þingsins en var um skeið borgarstjóri í Bombay. Murlí Deora hefur um langt skeið verið samverkamaður forsetans og m.a. oft sótt Ísland heim.

Í skólanum var haldin mikil hátíð að þessu tilefni og var forsetinn heiðursgestur hennar. Honum var fagnað af þúsundum barna sem veifuðu íslenskum og indverskum fánum.

Þá sat forseti Íslands ítarlegan kynningarfund á vegum stofnunar sem sinnir úrbótum í orkumálum á Indlandi og samvinnu ríkis og einkafyrirtækja sem miðar að því að styrkja innviði samfélags og atvinnulífs á mörgum sviðum. Var þar rætt sérstaklega um möguleika á nýtingu jarðhita víða um heim og hvernig reynsla Íslendinga getur komið að notum á því sviði.

Í morgun heimsótti forsetinn nýjan þekkingarbæ sem Ambani fyrirtækið hefur byggt upp og einkum er ætlað að varða veginn til framtíðar með sérstakri áherslu á upplýsingaiðnað, erfðafræðilegar rannsóknir og líftækni.

Markmiðið er að kanna hvernig efnahagslíf framtíðarinnar getur þróast í þágu samfélagslegra framfara, aukinnar heilbrigði og hagsældar. Þekkingarbærinn er starfsvettvangur nýrrar kynslóðar indverskra vísinda- og athafnamanna og á ýmsan hátt talinn einstakur í sinni röð í veröldinni, vitnisburður um framsækna hugsun og framtíðarsýn Ambani-fyrirtækjasamsteypunnar.

Í gærkvöldi hélt Mukesh Ambani, eigandi og stjórnandi Ambani-samsteypunnar, eins öflugasta fyrirtækis Indlands, kvöldverð til heiðurs forseta Íslands. Í viðræðum þeirra kom fram mikill áhugi Mukesh Ambani á því að kynna sér sérstaklega þau tækifæri sem samvinna við íslensk fyrirtæki og íslenskt rannsóknasamfélag gæti skapað og er áformað að hann heimsæki Ísland í því skyni.

Forseti Íslands kemur heim til Íslands í kvöld.

9. febrúar 2005

Nánari upplýsingar um dagskrá forseta á Indlandi veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028).